

Ed. 108. Frumvarp til laga [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1951 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis og frumvarp þetta hafa ár eftir ár verið samþykkt á Alþingi. Sömu ástæður liggja til þess nú og áður, að farið er fram á þennan skattauka, þ. e. fjárþörf þeirra, sem skattsins eiga að njóta.